



Alþingi
Erindi nr. P 135/41
komudagur 30.10.2007

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis,
bt. viðskiptanefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2007

Tilv.: 0710014

Efni: Svar við beiðni um umsögn um frumvarp til fjárlaga.

Samkeppniseftirlitið vísar til bréfs viðskiptanefndar, dags. 18, október sl., þar sem sendur er til umsagnar sá hluti frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008, sem fellur undir málefnasvið nefndarinnar.

Að því er Samkeppniseftirlitið varðar er gert ráð fyrir 252,5 m.kr. fjárveitingu, sem jafngildir um 32 m.kr. hækkun á raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er frumvarpið að þessu leyti í samræmi við fjárlagatillögur sem settar voru fram í upphafi ársins. Taka ber þó fram að tillögur eftirlitsins fólu í sér að lágmarkspörf yrði uppfyllt. Byggði matið á forsendum þess tíma, sem að nokkru leyti hafa breyst. Má sem dæmi nefna í því sambandi að launaþróun sérfræðinga hefur orðið örari en áætlað var, auk þess sem umfang upplýsingatæknimála og kostnaður af þeim sökum er meiri en gert var ráð fyrir í áætluninni.

Rétt er einnig að vekja athygli á því að Samkeppniseftirlitið flutti á þessu ári í nýtt húsnæði að Borgartúni 26, en fyrra húsnæði uppfyllti engan veginn þarfir eftirlitsins. Fyrirliggjandi fjárlagatillögur fela í sér aðlögun að hærri húsaleigu. Hins vegar hefur eftirlitið ekki fengið fjárveitingu fyrir kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af flutningi í nýtt húsnæði. Þannig þurfti eftirlitið að kaupa nýjan hús- og upplýsingatæknibúnað auk vinnu sérfræðinga í tengslum við upplýsingatæknimál. Hefur kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu við uppsetningu tölvukerfis t.d. verið verulegur. Óskað hefur verið eftir aukafjárveitingu vegna þessa.

Í erindi viðskiptanefndar er óskað eftir upplýsingum um fjárhagsstöðu stofnunarinnar eins og hún er og um áætlaða fjárhagsstöðu í árslok 2007. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir fyrstu níu mánuði þessa árs, er staða stofnunarinnar neikvæð sem nemur rúmum 3 m.kr., samanborið við rekstraráætlun fyrir sama tímabil. Ætla má að fjárhagsstaða Samkeppniseftirlitsins í lok árs verði neikvæð, jafnvel þó að eftirlitið hafi átt höfuðstól til ráðstöfunar í upphafi árs.¹

¹ Höfuðstóll í upphafi árs nam rúmum 38 m.kr. Á fyrsta eina og hálfu starfsári sínu (seinni hluta árs 2005 og árið 2006) var rekstur Samkeppniseftirlitsins undir fjárhelmildum. Ástæðan er sú að starfsmenn Samkeppniseftirlitsins voru í upphafi 11 talsins en fjárhelmildir gerðu ráð fyrir fleiri starfsmönnum strax frá fyrsta degi. Óhjákvæmilega tók nokkurn tíma að ráða til eftirlitsins hæft fólk



Skiptir þar mestu að eftirlitinu hefur ekki verið veitt fjárveiting fyrir kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af flutningi í nýtt húsnæði. Vísast um það til umfjöllunar hér að framan.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er óhjákvæmilegt að efla starfsemi þess enn frekar með auknum fjárveitingum á næstu árum. Nefna má eftirfarandi í því sambandi:

- Víðtæk þekking og reynsla starfsmanna Samkeppniseftirlitsins er forsenda þess að vel takist til við að framfylgja samkeppnislögunum. Lögð hefur verið áhersla á að byggja upp þekkingu og reynslu með öflugum starfsfólki. Of mikil starfsmannavelta getur hins vegar haft alvarlegar afleiðingar fyrir vinnu eftirlitsins og oft hefur verið kostað miklu til við að byggja upp þekkingu og reynslu viðkomandi starfsmanna með símenntun og með því að fela þeim sérhæfð og flókin verkefni. Í lítilli stofnun munar mikið um hvern starfsmann sem kýs að taka boði um nýtt starf á öðrum vettvangi. Samkeppniseftirlitið þarf að vera í stakk búíð til að bjóða starfsmönnum sínum samkeppnishæf laun, góða starfsaðstöðu, öfluga símenntun og aðgang að erlendu samstarfi.
- Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið hafi svigrúm til að leita til utanaðkomandi sérfræðinga, einkum á sviði hagfræði og lögfræði. Hefur Samkeppniseftirlitið í því skyni lagt áherslu á góð tengsl við háskóla- og fræðasamfélagið. Nauðsynlegt er að áframhald verði á þessu.
- Núverandi stærð Samkeppniseftirlitsins felur í sér að starf þess getur auðveldlega raskast þegar brýn eða viðamikil mál koma til rannsóknar. Samkeppniseftirlitið telur að á undanförunum misserum hafi tekist vel til um forgangsröðun verkefna. Því er hins vegar ekki að leyndu að eftirlitið hefur ekki haft nægilegan tíma aflögu til að sinna ýmsum verkefnum sem skyldi, s.s. eftirliti með eigna- og stjórnunartengslum eða almennri markaðsgreiningu sem ekki tengist úrlausn tiltekinna stjórnarsýsluathugana. Slík vinna verður oft að víkja fyrir brýnni athugunum.
- Á sama hátt er mikilvægt að auka enn málshraða, þó talsvert hafi áunnist í þeim efnum á síðustu misserum.
- Samkeppniseftirlitið setur sér það skýra markmið að vera fremst í flokki stofnana í upplýsingasamfélaginu, en það stuðlar að skilvirkni í starfi eftirlitsins og auknu upplýsingaflæði. Mikilvægt er að Samkeppniseftirlitið hafi svigrúm til þess að fylgja eftir þessum markmiðum.

Samkeppniseftirlitið lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í umfjöllun um framangreint, sem og starfsemi þess að öðru leyti. Í því efni er eftirlitið reiðubúið að veita viðskiptanefnd frekari upplýsingar um starfsemi þess.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Páll Gunnar Pálsson

(nú um 20 starfsmenn), sem ásamt eðlilegri starfsmannaveltu gerði það að verkum að reksturinn reyndist í fyrstu undir fjárheimildum.